

Ferðamálaráð Íslands
610. fundur haldinn 26. febrúar 1999 kl. 13:30
Bankastræti 2 Reykjavík

Mætt:

Tómas Ingi Olrich, formaður, Auður Eydal, Árni Bragason, Ásmundur Gíslason, Björn Sigurðsson, Gunnar Egilsson, Helga Haraldsdóttir, Helgi Jóhannsson, Helgi Pétursson, Höskuldur Jónsson, Ívar Sigmundsson, Jóhann D. Jónsson, Jóhannes Sigmundsson, Jón Kristjánsson, Júlíus Sigurbjörnsson, Kristbjörg Þórhallsdóttir, Kristbjörn Albertsson varamaður, Kristinn Guðmundsson, Ómar Benediktsson, Pétur Geirsson, Pétur Rafnsson, áheyrnarfulltrúi, Steinn Lárusson, Stefán Sigurðsson, Sævar Skaptason, Þórhallur Jósefsson, Magnús Oddsson, ferðamálastjóri, Elías Gíslason forstöðumaður.

Formaður bauð ráðsmenn velkomna til þessa fyrsta fundar nýs ráðs sem skipað var í byrjun mánaðar.

1. Fjárhagsáætlun 1999.

Formaður gerði grein fyrir tillögu framkvæmdastjórnar. Gerðir hann grein fyrir því að stjórnin legði til að fjárhagsáætlun yrði samþykkt með 78 milljón króna niðurstöðu þó fjárveiting væri 68 milljónir. Óskað yrði eftir við samgönguráðuneytið að leitað yrði leiða til að fjármagna 10 milljón króna kostnað við ákveðin markaðsverkefni á skrifstofum erlendis.

Afgreiðsla: Tillagan samþykkt samhljóða.

Fram kom tillaga varðandi fyrirkomulag á úthlutun styrkja til umhverfisúrbóta.

Afgreiðsla: Auglýst verður eftir umsóknum um styrki til úrbóta á norður og austurlandi.

Umhverfisfulltrúi gerir tillögur um styrkveitingar. Þær tillögur verða sendar Ferðamálasamtökum Norðurlands vestra og eystra svo og Ferðamálasamtökum Austurlands til umsagnar. Loks verði afgreiðsla í Ferðamálaráði.

2. Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lögð var fram tillaga umhverfisfulltrúa að notkun 14,8 milljóna fjárveitingar Alþingis til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Afgreiðsla: Tillaga umhverfisfulltrúa samþykkt.

3. Önnur mál.

Tilnefning í Ferðamálasjóð.

Afgreiðsla: Aðalmenn: Pétur Rafnsson og Þórhallur Jósefsson. Varamenn: Auður Gunnarsdóttir og Ómar Benediktsson

Kosning í Fjölmíðlabikarsnefnd.

Afgreiðsla: Júlíus Sigurbjörnsson, Jóhannes Sigmundsson og Þorleifur Þór Jónsson.

Nokkur umræða varð um eftirtalin málefni:

- Vestnordenferðakaupstefnuna
- Upplýsingamiðstövar
- Tillögur að lagabreytingum sem liggja fyrir Alþingi
- Flugsamgöngur við Húsavík.
- Kostunaraðila verkefna.

Samþykktir og bókanir: Samþykkt að taka til umræðu í framkvæmdastjórn eftirtalin mál: Kaupendur á Vestnorden ferðakaupstefnunni, ferðamálráðstefnu, fundaaætlun ráðsins og rekstur upplýsingamiðstöðva.

Fundi slitið kl 15:15